

Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans á Tröllaskaga

2014-2017

Í samræmi við 3. grein, lið f, í skólasamningi fyrir tímabilið janúar 2013 til desember 2014 leggur Menntaskólinn á Tröllaskaga hér fram áætlun fyrir sjálfsmat til næstu þriggja ára. Sjálfsmati skólans er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Sjálfsmatinu er ætlað að ná til allra stjórnunarháttanna og samskipta innan skólans.

Menntaskólinn á Tröllaskaga starfar í samræmi við ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Lögð er áhersla á reglulega endurskoðun á námsframboði og þróun matsaðferða sem notaðar verða í sjálfsmati skólans. Þættir í starfi skólans sem sjálfsmatið tekur til eru m.a. til mats á kennslu út frá sjónarhorni nemenda, kennara og stjórnenda, mats á líðan nemenda og starfsfólks og viðhorfi þeirra til aðstöðu og starfsumhverfis.

Matsaðferðir

- Kennslukönnun sem er meginleg netkönnun meðal nemenda sem fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á kennsluefni, námsmatsaðferðir, viðmót kennara og fleira.
- Viðhorfskönnun sem er meginleg netkönnun meðal nemenda og starfsfólks skólans sem fjallar um ýmsa þætti í starfsemi skólans, starfsumhverfi, líðan, aðbúnað og fleira.
- Viðhorfskönnun foreldra nemenda undir 18 ára aldri sem er meginleg netkönnun.
- Könnun á einelti sem er meginleg netkönnun lögð fyrir nemendum.
- Mat á stjórnunarháttum framkvæmt í rýnihópum og með samræðum starfsmanna. Einnig með þátttöku í könnuninni Stofnun ársins sem er meginleg könnun á vegum fjármálaráðuneytis.
- Mat kennara á eigin áföngum í lok hvernna annar.
- Greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi innritun, útskrift, skólasókn og fleira.
- Starfsmannaviðtöl.
- Árlegur skólafundur þar sem farið er yfir stefnu og námskrá skólans með nemendum.
- Aðrar þær aðferðir sem endurskoðun á sjálfsmatsaðferðum kann að leiða í ljós á tímabilinu.

Tímaáætlun sjálfsmats

	H-2014	V-2015	H-2015	V-2016	H-2016	V-2017	
Kennslukannanir	félagsgreinar tungumál	raungreinar íþróttir	raungreinar íþróttir	félagsgreinar tungumál	félagsgreinar tungumál	raungreinar íþróttir	Nemendur
Viðhorfskannanir	nóv.	feb.	nóv.	feb.	nóv.	feb.	Nemendur og starfsfólk
Stjórnun		mars		mars		mars	Starfsfól
Mat kennara á eigin áföngum	des.	maí	des.	maí	des.	maí	Kennarar
Greining á töluegum gögnum	des./jan.	júní	des./jan.	júní	des./jan.	júní	Aðstoðarskólameistari
Starfsmannaviðtöl		apríl		apríl		apríl	Skólameistari
Foreldrakönnun		jan.		jan.		jan.	Foreldrar
Stofnun ársins		x		x		x	Starfsmenn
Eineltiskönnun	okt.		okt.		okt.		Nemendur
Skólafundur	sept.		sept.		sept.		Nemendur og kennarar
Sjálfsmatsskýrsla	ág./sept.		ág./sept.		ág./sept.		Aðstoðarskólameistari
Endurskoðun áætlunar	sept.		sept.		sept.		Sjálfsmatsteymi
Unnið að nýrri matsáætlun						feb.	Sjálfsmatsteymi

Sjálfsmatsskýrslur: Í sjálfsmatsskýrslum sem hér er rætt um er gert ráð fyrir að dregin verði fram helstu styrkleikar og veikleikar í skólastarfinu, greindar ógnanir og tækifæri sem koma fram. Síðan eru sett fram viðmið og tillögur til breytinga þar sem þörf er á. Skýrslurnar verða aðgengilegar á heimasíðu skólans.